

Sp.

224. Fyrirspurnir

[141. mál]

I. Til viðskiptaráðherra um ávísanir með nafni Seðlabanka Íslands á.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

Hvaða reglur gilda um notkun ávísanahefta með nafni Seðlabanka Íslands á?
Hve margir hafa slík hefti í notkun?

II. Til samgönguráðherra um flutninga frá Reykjavíkurhöfn um veg til álversins.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

Hve mikið magn af vörum hefur verið flutt frá Reykjavíkurhöfn um veg til Straumsvíkur frá 1. ágúst til 31. des. 1969 á vegum álversins?

Hve miklu magni af vörum var landað á sama tíma í Straumsvíkurhöfn og einnig í Hafnarfjarðarhöfn á vegum álversins?

Hvað borgar Eimskipafélag Íslands h/f í vegasjóð af þessum flutningum frá Reykjavíkurhöfn til Straumsvíkur?

III. Til viðskiptaráðherra um stofnun kaupþings.

Frá Eyjólfí K. Jónssyni og Þórarni Þórarinssyni.

1. Hvað líður undirbúningi að stofnun kaupþings?
2. Hvenær má gera ráð fyrir, að starfræksla kaupþings hefjist?